



SJÁLFSMATSSKÝRSLA VÍKURSKÓLA 2022-2023

Elín Einarsdóttir og Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir
Skólastjórnendur

Innihald

Inngangur	3
Árlegar kannanir og Skólapúlsinn	4
Nemendakönnun 2.-5. bekkur	4
Ánægja af lestri	4
Ánægja með skólann.....	5
Vellíðan í skólanum	5
Nemendakönnun 6.-10. bekkur	5
Virgni nemenda í skólanum	6
Líðan og heilsa.....	6
Skóla- og bekkjarandi	7
Foreldrakönnun Skólapúlsins	7
Foreldrakönnun grunnskóla	7
Nám og kennsla.....	8
Velferð nemenda	9
Aðstaða og þjónusta	9
Foreldrasamstarf.....	10
Heimastuðningur	10
Foreldrakönnun forskóladeildar	11
Daglegt leikskólastarf.....	11
Námsumhverfi.....	12
Samskipti við foreldra	12
Íslenska æskulýðsrannsóknin – Niðurstöður fyrir Víkurskóla	13
Lykiltölur 4.-5. bekkur	13
Lykiltölur 6.-8. bekkur	14
Lykiltölur 9.-10. bekkur	15
Lesfimi	15
Lesskilningur.....	16
Stærðfræði	16
Teymi Víkurskóla	17
Uppeldi til ábyrgðar	17
Heilsueflandi skóli	17

Stærðfræði	17
Námsmat.....	17
Jóladagskrá og Litlu-Jól	17
Árshátíð Víkurskóla	17
Lokaorð	18

Inngangur

Á grundvelli laga um grunnskóla frá árinu 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat sbr 35. og 36. grein laganna:

35. gr. Markmið.

- ☐ Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:
 - a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
 - b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
 - c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
 - d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

■ 36. gr. Innra mat.

- ☐ Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- ☐ Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Sjálfsmat skóla er stöðugt og langtímamiðað og um leið er safnað með kerfisbundnum hætti gögnum um skólastarfið. Sjálfsmat er liður í umbótun, þróun og vexti hvers skóla og forsenda framfara og gæðastarfs. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarfið, í tilfelli Víkurskóla þá er sérstaða skólans sú að hann er heildstæður fámennur skóli sem þjónar börnum úr dreifbýli og þéttbýli.

Í áætlun um innra mat Víkurskóla <https://vikurskoli.is/wp-content/uploads/2020/11/Innra-mat-Vikurskola-2020-2024.docx.pdf> er gerð grein fyrir þeim þáttum sem metnir eru yfir skólaárið. Víkurskóli nýtir sér kannanir Skólapúlsins í sjálfsmati skólans og einbeitir sér að þeim niðurstöðum sem þær gefa og settar fram í umbótaáæltunum. Kannanirnar eru lagðar fyrir annað hvert ár og ná til allra nemenda skólans, foreldra og starfsmanna. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir á hvern hátt unnið var úr þeim könnunum sem lagðar voru fyrir á skólaárinu.

Skólaráð Víkurskóla, fjallaði um allar kannanirnar, kynning fór fram í fræðslunefnd Mýrdalshrepps og þær ræddar og rýndar á starfsmannafundi Víkurskóla undir stjórn matsteymis skólans.

Árlegar kannanir og Skólapúlsinn

Árlega eru lagðar fyrir samræmdar kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður slíkra mælinga gefa vísbendingar um á hvaða leið skólastarfið er og gefa tækifæri til að grípa til úrbóta ef niðurstöður eru ekki ásættanlegar. Þegar niðurstöður eru jákvæðar styrkir það skólasamfélagið í heild sinni og hvetur til áframhaldandi framfara. Í Víkurskóla eru kannanir með vefkerfi Skólapúlsins lagðar fyrir alla hópa annað hvert ár, samanber áætlun um innra mat Víkurskóla 2020-2024. Skólaárið 2022-2023 voru eftirfarandi kannanir lagðar fyrir:

- Nemendakönnun 2.-5. bekkur
- Nemendakönnun 6.-10. bekkur
- Foreldrakönnun grunnskólahluti
- Foreldrakönnun forskóladeild

Niðurstöður þessarar kannanna og eldri kannananna eru aðgengilegar á heimasíðu Víkurskóla, <https://vikurskoli.is/innra-mat/>

Jafnframt má lesa um þær fræðilegu forsendur sem liggja til grundvallar könnunum í inngangi hverrar skýrslu.

Umfjöllun um ofangreindar kannanir verða reifaðar hér fyrir neðan.

Nemendakönnun 2.-5. bekkur

Þessi könnun var lögð fyrir nemendur í október 2022. Um fræðilegan bakgrunn má lesa á bls. 3 í niðurstöðuskýrslu. Nemendur geta hlustað á spurningarnar lesnar upp og hægt er að velja mismunandi tungumál. Svarhlutfall var 100%. Könnunin mælir eftirfarandi þætti:

- Ánægja af lestri
- Ánægja með skólann
- Vellíðan í skólanum

Hér verður hver þáttur sýndur myndrænt í heildarsamantekt en hægt er að skoða niðurstöðurnar nánar eins og áður segir á heimasíðu skólans. Í hverri töflu er hægt að sjá samanburð við landið og jafnframt breytingu frá síðustu mælingu í skólanum.

Ánægja af lestri

1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.5. Ánægja af lestri 2.-5.b	4,8	25	-1,0	4,8	5.166	0,0

Ánægja af lestri lækkar marktækt milli mælinga í skólanum. En er á pari við landsmeðaltal. Lítill munur er á viðhorfi drengja og stúlkna til lesturs. Nemendum í 2.-3. bekk finnst lestur

skemmtilegri en eldri hópnum og 80% nemenda segja að sér finnist frekar skemmtilegt eða mjög skemmtilegt að lesa í skólanum.

Ánægja með skólann

2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.5. Ánægja með skólann 2.-5.b	4,9	25	-0,1	5,1	5.167	-0,2

Á þessum þætti verða litlar breytingar milli mælinga og liggur hún örlítið undir landsmeðaltali. Lítil sem enginn árgangamunur kemur fram.

Vellíðan í skólanum

3. Vellíðan í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.5. Vellíðan í skólanum 2.-5.b	4,7	25	-1,0	5,1	5.154	-0,4

Vellíðan nemenda lækkar marktækt frá síðustu könnun og víkur nokkuð frá landsmeðaltali. Ekki er teljandi munur milli árganga eða kynja. Nemendum Víkurskóla upplifa sig mun öruggari í skólanum miðað við landsmeðaltal en þeir eru síður hamingjusamir í skólanum. Þeim finnst jafnframt að fólk sé síður sanngjarnt við þá samanborið við jafnaldra þeirra á landsvísu.

Nemendakönnun 6.-10. bekkur

Þessi könnun var lögð fyrir nemendur í október 2022. Um fræðilegan bakgrunn má lesa á bls. 3 í niðurstöðuskýrslu. Nemendur geta hlustað á spurningarnar lesnar upp og hægt er að velja mismunandi tungumál. Svarhlutfall var 100%. Könnunin mælir eftirfarandi þætti:

- Virkni nemenda í skólanum
- Líðan og heilsa
- Skóla- og bekkjarandi
- Opin svör

Hér verður hver þáttur sýndur myndrænt í heildarsamantekt en hægt er að skoða niðurstöðurnar nánar eins og fyrr greinir á heimasíðu skólans. Í hverri töflu er hægt að sjá samanburð við landið og jafnframt breytingu frá síðustu mælingu í skólanum.

Virgni nemenda í skólanum

1. Virgni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,0	23	-0,8	4,4	8.945	-0,4
1.2. Þrautseigja í námi	3,9	23	-0,4	4,5	8.977	-0,6
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,0	23	-1,2	4,8	9.107	-0,8*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,5	23	-0,7	4,5	9.107	0,0
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,2	23	-0,3	4,4	8.977	-0,2
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,0	23	-	4,8	9.074	-0,8*

Í þessum þætti er tekur til virgni nemenda eru tveir þættir sem skera sig marktækt úr og lækka milli mælinga. Það er annars vegar áhugi á stærðfræði og hinsvegar trú á eigin námsgetu. Milli Skólapúlsa var m.a. unnið sérstaklega með þessa þætti sem og þrautseigju í námi og því veldur það vonbrigðum að þessir þættir lækka. Þær leiðir sem notaðar voru hafa ekki dugað og því þarf að leita nýrra.

Líðan og heilsa

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,3	23	0,9	4,2	8.935	0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,2	23	0,7	4,2	8.926	0,0
2.3. Velliðan	4,6	23	0,8	4,3	9.031	0,4
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	0	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,5	23	-0,8	5,8	9.018	-0,3
2.6. Tíðni eineltis	8,7%	2/23	-12,0%	16,0%	1462/8980	-7,3%
2.7. Staðir eineltis	-	2	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	60,9%	14/23	29,9%	45,2%	3988/8793	15,7%
2.9. Holtt mataræði	5,0	23	0,4	4,6	8.875	0,4

Í þessum hluta Skólapúlsins sem mælir líðan og heilsu nemenda eru jákvæðar breytingar. Sérstaklega má þar nefna tíðni eineltis sem lækkar umtalsvert frá síðustu mælingu. Þar hefur markviss vinna milli mælinga skilað sér og því nauðsynlegt að halda áfram á sömu braut. Þá eykst regluleg hreyfing hjá nemendum verulega. Allir þættir í þessum kafla Skólapúlsins eru á pari við landsmeðaltal eða yfir sem er ánægjulegt.

Skóla- og bekkjarandi

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,8	23	0,7	4,8	8.850	0,0
3.2. Samband nemenda við kennara	5,1	23	0,1	4,8	8.950	0,3
3.3. Agi í tímum	5,6	23	0,7	4,8	8.932	0,8*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,6	23	-0,1	4,9	8.902	-0,3
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,2	23	-0,1	4,8	8.907	0,4

Nemendur Víkurskóla eru á svipuðum slóðum og landsmeðaltal sýnir er tekur til skóla- og bekkjaranda. Ánægjulegt er að sjá að nemendur skólans telja að agi í tímum hafi batnað umtalsvert milli mælinga. Þá er samband nemenda við kennara gott. Einnig hefur samsömun við nemendahópinn aukist og er á pari við landið.

Foreldrakönnun Skólapúlsins

Að þessu sinni voru tvær kannanir lagðar fyrir foreldra, annars vegar fyrir foreldra grunnskólabarnanna og hinsvegar fyrir foreldra nemenda forskóladeildar Víkurskóla. Sú könnun er sambærileg þeim sem er sérsniðin fyrir leikskólastig. Ánægjulegt er að sjá hversu góð þátttaka var í báðum þessum könnunum og af því má draga þá ályktun að foreldrar hafa áhuga á skólastarfinu og láta sig það varða.

Foreldrakönnun grunnskóla

Þessi könnun var lögð fyrir foreldra í febrúar 2023. Um fræðilegan bakgrunn má lesa á bls. 3 í niðurstöðuskýrslu. Svarhlutfall var 93,9%. Könnunin mælir eftirfarandi þætti:

- Nám og kennsla
- Velferð nemenda
- Aðstaða og þjónusta
- Foreldrasamstarf
- Heimastuðningur

Hér verður hver þáttur sýndur myndrænt í heildarsamantekt en hægt er að skoða niðurstöðurnar nánar eins og áður segir á heimasíðu skólans. Í hverri töflu er hægt að sjá samanburð við landið og jafnframt breytingu frá síðustu mælingu í skólanum.

Nám og kennsla

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,1	27	0,0	5,1	5.366	0,0
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	92,9%	26/28	-0,6%	90,6%	4426/4894	2,3%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	96,3%	26/27	5,7%	82,8%	4374/5211	13,5%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	89,7%	26/29	9,1%	71,0%	3558/4949	18,7%*

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er á pari við landsmeðaltal. Foreldrar meta aga í skólanum hæfilegan og er það jákvæð breyting um rúm 9% prósent frá síðustu mælingu og langt yfir landsmeðaltali líkt og mat foreldra á hæfilegri þyngd námsefnis. Ánægja með stjórnun skólans er á svipuðum stað og við síðustu mælingu og örlítið yfir landsmeðaltali.

Velferð nemenda

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,7	28	-0,2	4,6	4.870	0,1
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	93,1%	27/29	6,0%	86,2%	4404/5085	6,9%
2.3. Liðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	93,1%	27/29	8,3%	89,1%	4806/5370	4,0%
2.4. Liðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	93,1%	27/29	-3,9%	89,5%	4786/5338	3,6%
2.5. Liðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	86,2%	25/29	4,4%	87,7%	4660/5296	-1,5%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	6,9%	2/29	-11,3%	10,5%	559/5309	-3,6%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	60,0%	3/5	-2,5%	52,4%	476/906	7,6%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	75,0%	3/4	17,9%	50,3%	443/891	24,7%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	85,0%	17/20	8,8%	73,3%	2188/2951	11,7%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,2	5	-0,3	1,4	1.015	-0,2
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	5	-	-	-	-

Í þessum hluta könnunarinnar er lýtur að velferð nemenda er skólinn á öllum þáttum nema einum yfir landsmeðaltali. Þessi eini þáttur sem kemur slakar út er mat foreldra á liðan nemenda í frímínútum, sá þáttur hefur samt sem áður hækkað um 4,4% hjá skólanum miðað við síðustu mælingu enda var farið í markvissa vinnu við að bæta gæslu og afþreyingu fyrir nemendur. Sama á við um umfang eineltis sem mældist mjög hátt á Skólapúlsinum 2020. Þar hafa markvissar aðgerðir skilað mjög jákvæðri niðurstöðu. Liðan nemenda í kennslustundum dalar um næstum 4% frá síðustu mælingu en mælist samt sem áður nokkuð yfir landmeðaltali.

Aðstaða og þjónusta

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,8	29	0,3	5,4	5.233	-0,6*
3.2. Ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift	34,6%	9/26	-24,0%	71,1%	3291/4552	-36,5%*
3.3. Notkun á mataráskrift	96,6%	28/29	-3,4%	87,9%	4772/5353	8,7%
3.4. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mataráskrift	-	-	-	-	-	-

Foreldrar eru síður ánægðir með aðstöðu í skólanum miðað við landið í heild og lækkar frá síðustu mælingu. Sama á við um ánægju foreldra með máltíðir í mataráskrift sá þáttur vikur mjög langt frá landsmeðaltali og ljóst að grípa þarf til úrbóta hvað þetta varðar.

Foreldrasamstarf

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	6,0	27	0,3	4,8	5.082	1,2*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	83,3%	20/24	14,3%	55,8%	2489/4290	27,5%*
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	87,5%	21/24	15,1%	63,6%	2395/3662	23,9%*
4.4. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	20	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	22	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	100,0%	29	9,1%	93,2%	4741/5086	6,8%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	29	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	61,5%	16/26	4,4%	58,0%	2572/4494	3,6%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	95,5%	21/22	-4,5%	87,2%	3536/4053	8,3%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	79,3%	23/29	-4,0%	78,8%	3918/4949	0,5%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	72,4%	21/29	-6,4%	69,7%	3712/5250	2,7%

Í þessu hluta Skólapúlsins er farið yfir þætti er varða samstarf heimilis og skóla og upplýsingagjöf skólans. Allir þættir þessa hluta mælast umfram landsmeðaltal. Einn af þeim þáttum sem lögð var áhersla á að bæta frá síðasta mælingu 2020 var ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal. Sú vinna hefur skilað sér því allir svara því að þeir hafi verið ánægðir með síðasta viðtal. Jafnframt telja foreldrar barna í Víkurskóla sig geta haft áhrif á ákvarðanir er varða nemendur og finnst að ábendingar og tillögur séu teknar til greina. Foreldrar eru síður ánægðir með heimasíðuna en við síðustu mælingu og jafnframt finnst þeim þeir þurfi að fá betri upplýsingar um stefnu skólans og námskrá.

Heimastuðningur

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,9	29	0,0	4,9	5.181	0,0
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,0	29	0,3	4,4	5.140	-0,4
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	92,0%	23/25	13,9%	74,0%	3654/4862	18,0%*
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	50,0%	14/28	-17,7%	57,3%	2819/4941	-7,3%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	56,5%	13/23	2,0%	75,9%	2941/4007	-19,4%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	30,4%	7/23	-1,4%	14,2%	628/4007	16,2%*

Foreldrar telja að heimanám sé hæfilegt og hefur sá þáttur vaxið töluvert frá síðustu mælingu. Foreldrar barna í Víkurskóla hafa síður væntingar um að barn/börn þeirra fari í háskólanám en mun meiri væntingar um iðnám miðað við landsmeðaltal.

Foreldrakönnun forskóladeildar

Þessi könnun var lögð fyrir foreldra í febrúar 2023. Um fræðilegan bakgrunn má lesa á bls. 3 í niðurstöðuskýrslu. Svarhlutfall var 100%. Könnunin mælir eftirfarandi þætti:

- Daglegt leikskólastarf (forskólastarf í þessu tilfelli)
- Námsumhverfi
- Samskipti við foreldra
- Upphaf og lok leikskólagöngu (forskóla)
- Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta (hér sleppt)

Hér verður hver þáttur sýndur myndrænt í heildarsamantekt en hægt er að skoða niðurstöðurnar á heimasíðu skólans. Í hverri töflu er hægt að sjá samanburð við landið en ekki samanburð við fyrri mælingu því hún er ekki til.

Daglegt leikskólastarf

1. Daglegt leikskólastarf

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann	100,0%	7	-	90,4%	2976/3286	9,6%
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	100,0%	7	-	91,6%	3111/3381	8,4%
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	100,0%	7	-	93,2%	1868/1999	6,8%
1.4. Sérþarfir í mataræði	0%	0/7	-	14,6%	514/3534	-14,6%
1.5. Holtt mataræði	28,6%	2/7	-	93,3%	3214/3443	-64,7%*
1.6. Ánægja með húsnæði og aðstöðu	100,0%	7	-	88,0%	3102/3526	12,0%

Foreldrar eru heilt yfir mjög ánægðir með daglegt starf í forskóladeildinni. Líkt og í könnun grunnskólans er óánægja með máltíðir sem börnin fá í skólanum. Þetta þarf að skoða sérstaklega.

Námsumhverfi

2. Námsumhverfi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	100,0%	6	-	87,2%	1830/2090	12,8%
2.2. Aðstaða	100,0%	6	-	90,2%	2321/2561	9,8%
2.3. Félagsleg samskipti	100,0%	6	-	94,3%	2469/2615	5,7%
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	100,0%	6	-	97,2%	1907/1960	2,8%

Foreldrar meta alla þætti í þessum hluta er varðar námsumhverfi barnanna mjög jákvæða.

Samskipti við foreldra

3. Samskipti við foreldra

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	100,0%	7	-	75,8%	2207/2900	24,2%
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	71,4%	5/7	-	80,1%	2630/3286	-8,7%
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	100,0%	7	-	93,1%	3096/3320	6,9%
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	100,0%	6	-	76,6%	2279/2963	23,4%
3.5. Tímasetning viðburða	100,0%	7	-	88,9%	2771/3113	11,1%
3.6. Heimasíða leikskólans	100,0%	4	-	84,9%	2219/2602	15,1%

Samskipti við foreldra mælast mjög góð. Eini þátturinn sem kemur slakar út er þekking á stefnu og námsskrá deildarinnar. Það má mögulega rekja til þess að námsskráin lá ekki fyrir í upphafi skólaársins og fór ekki í sérstaka kynningu heldur var send foreldrum í pósti og birt á heimasíðu. Þarna má klárlega gera betur. Stefna forskóladeildarinnar fléttast saman við stefnu grunnskólans og þar eru sömu gildi sett á oddinn. Þetta hefði líka mátt gera betur grein fyrir í upphafi haustsins.

4. Upphaf og lok leikskólagöngu


Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Leikskólabyrjun	-	-	-	-	-	-
4.2. Flutningur milli skólastiga	100,0%	6	-	64,9%	300/449	35,1%
4.3. Flutningur milli deilda	100,0%	6	-	89,7%	1427/1597	10,3%

Foreldrar eru ánægðir með hvernig tekið var á móti börnunum í upphafi haustsins og aðlögun frá leikskólastigi hafi gegnið vel.

Íslenska æskulýðsrannsóknin – Niðurstöður fyrir Víkurskóla


Nemendur í 4.- 10. bekk Víkurskóla tóku á vorönn 2023 þátt í rannsókn á vegum Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands sem ber heitið *Íslenska æskulýðsrannsóknin*. Hún er unnin á grundvelli 12 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um velferð og viðhorf barna og ungs fólks og gera niðurstöður aðgengilegar til stuðnings við stefnumótun. Sú breyting var gerð milli kannanna að nú eru niðurstöður birtar fyrir 4.-5. bekk, 6.-8. bekk og 9.-10. bekk. Hér verða birtar lykiltölur úr rannsókninni fyrir hvern hóp. Þar má sjá samanburð við Suðurland og landið í heild sinni. Þess ber að geta að niðurstöður rannsóknarinnar bárust skólanum ekki fyrr en í lok júní þannig að ekki hefur farið fram rýni á niðurstöðurnar innan skólans. Það verður gert í upphafi skólaárs 2023-2024.

Lykiltölur 4.-5. bekkur




Í niðurstöðum fyrir yngsta hópinn sem tók þátt í rannsókninni kemur fram að þau kvarta undan hávaða í kennslustofnunni og er það langt umfram það sem samanburðarhópar nefna. Þau eru síður ánægð með matinn í skólanum og eru mun þreyttari í skólanum en samanburðarhóparnir. Jákvætt er að sjá að þau telja mikilvægt að leggja sig fram í skólanum og fá hjálp við heimanám.

Lykiltölur 6.-8. bekkur



Nemendum í þessum aldurshópi, 6.-8. bekk líkar síður í skólanum en jafnöldrum þeirra annarstaðar. Það eru sláandi niðurstöður að 31% segjast hafa orðið fyrir einelti en þessi niðurstaða er alveg úr takti við mælingu á sama þætti í Skólapúlsinum 5 mánuðum fyrr. Þessi hópur hreyfir sig umtalsvert minna en jafnaldrar í samanburðarhópum og lesa síður. Jákvæðir þættir eru að þau upplifa sig ekki þreytt í skólanum og treysta kennurunum vel miðað við jafnaldra.

Lykiltölur 9.-10. bekkur



Niðurstöður í elsta hóp skólans eru jákvæðari en í yngri hópunum. Nemendum líkar vel í skólanum, upplifa ekki mikið álag vegna heimanáms og treysta kennurunum betur en jafnaldrar annarstaðar. Enginn nefnir að hann hafi orðið fyrir einelti. Nemendur þessa hóps eru þó ívið þreyttari en jafnaldrar.

Lesfimi

Í Víkurskóla hafa lesfimiþróf Menntamálastofnunar verið lögð fyrir um nokkura ára skeið. Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða og lestrarnákvæmni. Rannsóknir sýna að tengsl milli lesfimi og lesskilnings eru sterk. Mikil áhersla hefur verið á að bæta lesfimi nemenda og skólinn hefur verið með markvissar aðgerðir í skólanum og í samstarfi við heimilin. Lesfimin er mæld þrisvar yfir skólaárið. Þar sem Víkurskóli er mjög fámennur og í sumum árgöngum mjög fá börn þá er ekki hægt að birta niðurstöður og framgang myndrænt. Lesfimiþrófið í Lesferli Víkurskóla metur fyrst og fremst sjálfvirkni og nákvæmni eða flæði við lestur eins og kemur skýrt fram í fyrirmælum til nemenda þegar matið er lagt fyrir („Lestu eins hratt og vel og þú getur“). Orðið „vel“ vísar hér til lestrarnákvæmni þar sem hún, ásamt lesnum

orðum á mínútu, liggur til grundvallar útreikningum á frammistöðu nemenda. Upplýsingar um sjálfvirkni umskráningar eru mjög mikilvægar en sjálfvirknin er ein af meginforsendum þess að lesari geti einbeitt sér að innihaldi texta og skilið hann. Áhersla á að nemendur nái sjálfvirkni við umskráningu er því ekki úr lausu lofti gripin og mikilvægt að stefna að því að allir nemendur, sem til þess hafa forsendur, nái lestrarhraða sem er í grennd við viðmið 2 í öllum árgöngum eins og MMS setur þau fram.

Víkurskóli mælir lesfimi þrisvar sinnum á ári, september, janúar og maí. Úr niðurstöðum mælinga má lesa að Víkurskóli er á pari við landsmeðaltal í maí 2023 og góða framför má merkja milli september og maí mælinga skólans. Sjá má jákvæða þróun í lesfimi Víkurskóla milli ára þar sem færri nemendur raðast undir V1 í upphafi skólárs nú en áður og fleiri nemendur eru yfir V3 í lok skólaárs. Í september 2022 eru 48% nemenda undir viðmiði 1, hér eftir V1. 32% nemenda eru milli V1 og V2, 10% nemenda milli V2 og V3 og 4% nemenda yfir V3.

Sé horft til maí 2023, við lok skólaárs, hefur nemendum undir V1 fækkað um 26% og þeir sem eru í grennd við og ofar en V2 MMS orðin 70%, þar af eru 14% nemenda yfir V3. Sú lestrarvinna sem fram fer í skóla og á heimili skilar nemendum góðum framförum en greinilegt er að lítil þjálfun yfir sumarmánuði dregur úr færni á mælingum í september.

Markmið Víkurskóla er að árangur nemenda sé á pari við landsmeðaltal.

Lesskilningur

Lesskilningsprófið Orðarún er lagt fyrir tvisvar yfir skólárið í 3.-8. bekk. Prófið gefur vísbendingar um hvar nemendur standa í lesskilningi og sýnir framfarir á milli ára. Viðmið Víkurskóla er að niðurstöður seinna prófs sýni að fleiri en 70% nemenda í árgangi raðist í flokkinn meðal eða gott og færri en 10% nemenda í árgangi raðist í mjög slakt. Þar sem nemendur Víkurskóla eru fáir og mjög fáir í sumum árgöngum er ekki hægt að birta með myndrænum hætti niðurstöður.

Vert er að taka fram að mælingar skólaársins sína ásættanlegan árangur og að viðmiðum skólans var náð, rúm 70% nemenda raðast í flokkinn meðal eða gott. Nemendur sem mælast með mjög slakan árangur á Orðarún fá eftirfylgd með tímasettri áætlun. Sú mikla vinna sem fram fer í lesfimi skilar nemendum einnig aukinni færni í lesskilningi.

Stærðfræði

Til að skima kunnáttu nemenda í stærðfræði er notað staðlaða mælitækið Talnalykill sem mælir kunnáttu nemenda í námsefni 1.-7. bekkjar. Viðmið skólans er að 70% nemenda ná mælitölu yfir 85 stig. Prófið var lagt fyrir í mars 2023. Niðurstöður voru rýndar með umsjónarkennara og prófanda og gripið til viðeigandi aðgerða. Hér skal áréttað að nemendahópurinn telur fáa nemendur og því ekki hægt að sýna nánari tölfræði úr prófinu. Þeir nemendur sem eru með mælitölu milli 55-85 taka prófið aftur eftir að unnið hefur verið sérstaklega með þá þætti sem mældust verulega undir viðmiðum.

Teymi Víkurskóla

Skólaárið 2022-2023 störfuðu 4 teymi innan skólans fyrir utan matsteymi skólans. Teymi um Uppeldi til ábyrgðar sem mótar tillögður fyrir skólaárið um hvaða viðfangsefni unnið er að og teymi um Heilsueflandi skóla sem er verkefni unnið í samstarfi við Landlæknisembættið, teymi um stærðfræðikennslu og teymi um námsmat.

Uppeldi til ábyrgðar

Teymið hittist nokkrum sinnum yfir skólárið, lagði línur yfir þær áherslur sem unnar voru í bekkjum og kom með innlegg á starfsmannafundi. Teymið skilaði skýrslu í lok skólaársins auk þess að gera áætlun sem unnið er með í hverjum hópi yfir veturinn framvegis.

Heilsueflandi skóli

Teymi um Heilsueflandi skóla hittist formlega tvisvar yfir skólaárið og vann eftir áherslum Heilsustefnu Víkurskóla. Heilsustefnan var endurskoðuð vorið 2023. Nýjir gátlistar voru uppfærðir að hluta. Jafnframt var unnið að því að gera verkefnið sýnilegt innan veggja skólans og vekja athygli á því með reglulegum hætti á heimasíðu skólans. Úti- og hreyfinám hefur aukist til muna í skólanum.

Stærðfræði

Teymi um stærðfræðikennslu kom saman haust og vor og fór yfir áherslur í hverjum námshópi. Janframt er hlutverk teymisins að rýna í niðurstöður skimana. Ennfremur að standa fyrir uppbroti í stærðfræðikennslunni þvert á aldur, 1-2 á hvorri önn, haust og vor.

Námsmat

Námsmat í Víkurskóla er í stöðugri endurskoðun og settur var sérstakur kraftur í þá vinnu á skólaárinu. Sett voru upp hæfnikort fyrir nemendur í Mentor og námsmat byggist nú á þeim, umsögnum og bókstöfum í stað talna.

Jóladagskrá og Litlu-Jól

Ár hvert er sett upp dagskrá í aðdraganda jólaleyfis nemenda sem nær hápunkti á Litlu-Jólum skólans. Á starfsdegi í upphafi skólaárs rýndu starfsmenn hvernig til hefði tekist við þennan hluta skólastarfsins og er sú rýni nýtt á komandi skólaári.

Árshátíð Víkurskóla

Einn af hápunktum skólaársins er árshátíð skólans. Mikil vinna og undirbúningur liggur að baki slíku verkefni. Að þessu sinni var ráðist í að setja upp Emil í Kattholti. Þessi sýning verður mjög eftirminnileg fyrir þær sakir að Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson og kona hans Elíza Reid voru heiðursgestir árshátíðarinnar. Jafnframt var hátíðarkaffi opinberrar heimsóknar forsethjónanna fléttað við árshátíðarkaffi skólans. Árshátíðarvinnan og afrakstur hennar var rýnd á starfsmannafundi. Þær niðurstöður munu nýtast við undirbúning næstu árshátíðar.

Lokaorð

Hér að framan er rakið það helsta sem unnið var í innra mati Víkurskóla og/eða upplýsingar sem nýst geta til hagsbóta fyrir nemendur og skólasamfélagið. Skólinn hefur um nokkurra ára skeið verið einn af jarðvangsskólum Kötlu Geopark og nauðsynlegt er að taka til skoðunar ávinning af því verkefni innan skólans. Skólinn hlaut brautargengi í nýrri menntaáætlun Erasmus+ og hófst verkefnið á seinni hluta skólaársins. Í þessu verkefni gefst kennurum jafnframt tækifæri til að fara og kynna sér kennsluhætti í öðrum löndum (e.job shadowing).

Tilgangur innra mats er fyrst og fremst til að nýta upplýsingar sem aflað er til að bæta skólastarfið og gera það faglegra. Á skólaárinu 2020-2021 fór fram ytra mat á Víkurskóla. Haustið 2021 skilaði skólinn úrbótaskýrslu til Menntamálastofnunar sem er jafnframt vinnuplagg skólans til þess að vinna áfram markvissar úrbætur á skólastarfinu. Haustið 2022 sendi skólinn inn stöðumat á upphaflegri úrbótaskýrslu og fékk stöðumatið staðfestingu Menntamálastofnunnar. Fyrir liggur að senda in framvinduskýrslu til MMS fyrir miðjan október n.k.